



Mýrdalshreppur

Erindisbréf enskumælandi ráðs

Markmið

1. gr.

Stjórnskipulag Mýrdalshrepps byggir á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Um hlutverk ráðsins

2. gr.

Enskumælandi ráð er skipað af sveitarstjórn Mýrdalshrepps og annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu samkvæmt erindisbréfi þessu.

Enskumælandi ráð er fagráðum Mýrdalshrepps til leiðsagnar í málum sem heyra undir verksvið þeirra og getur að eigin frumkvæði tekið mál til umfjöllunar og vísað til meðferðar í fagráðum.

FFMR starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Mýrdalshrepps á verkefnasviði ráðsins.

3. gr.

Helstu hlutverk og verkefni enskumælandi ráðs eru:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í málefnum nýrra íbúa ásamt því að hafa eftirlit með að stefnu sveitarstjórnar á hverjum tíma sé fylgt,
- að leggja mat á þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins auk þess að fjalla um ábendingar og athugasemdir sem kunna að berast,
- að vera samráðsvettvangur íbúa sveitarfélagsins sem eru innflytjendur,
- að stuðla að kynningu þjónustu á vegum sveitarfélagsins,
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis varðandi fjölmeningarmál.

Um skipan ráðsins og málsmeðferð

4. gr.

Enskumælandi ráð er skipað sjö aðalmönnum og fimm til vara, kosnum af sveitarstjórn. Framboðslisti sem á fulltrúa í sveitarstjórn en ekki í enskumælandi ráði má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt.

Auk kjörinna fulltrúa eiga sveitarstjóri og/eða starfsmaður sveitarfélagsins sem sveitarstjóri skipar til starfa fyrir ráðið rétt til setu á fundum þess.

Sveitarstjórn kýs formann ráðsins en það sjálf velur varaformann. Kjörtímabil þess er það sama og sveitarstjórnar. Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við starfsmann ráðsins sem sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhring fyrir fund. Geti fulltrúi í ráðinu ekki sótt fund skal hann tilkynna það formanni ráðsins og boða varamann sinn.

5. gr.

Málsmeðferð ráðsins skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnarsýslulaga, samþykktar um stjórn Mýrdalshrepps, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Mýrdalshreppi og góða stjórnarsýsluvenju.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn og Mýrdalshrepps og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Fundir enskumælandi ráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt er að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í enskumælandi ráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við 14 gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til staðfestingar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skuli tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt.

Gildistaka

6. gr.

Erindisbréf þetta byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þann 19. október 2022